

Áhugakönnun á fjarlækningum meðal heimilislækna

**Margrét
Valdimarsdóttir**
LÆKNIR

**Jörundur
Kristinsson**
HEIMILISLÆKNIR

Porgeir Pálsson
SVIÐSSTJÓRI LANDSPÍTALA

Ásgeir Haraldsson
BARNALÆKNIR

Hannes Petersen
HÁLS-, NEF- OG
EYRNALÆKNIR

**Margrét
Oddsdóttir**
SKURÐLÆKNIR

Rúnar Reynisson
HEIMILISLÆKNIR

**Sigurður
Kristjánsson**
BARNA- OG OFNÆMISLÆKNIR

ÞANN 1. OKTÓBER síðastliðinn var send út könnun til allra heimilislækna á landinu varðandi afstöðu þeirra til og áhuga á fjarlækningum. Þessi könnun er hluti af fyrsta áfanga rannsóknarverkefnis um fjarlækningar. Verkefnið er samvinnuverkefni heilsugæslustöðva og Landspítala þar sem sjúkrahúslæknar innan nokkurra sérgreina á spítalans veita sérfræðiráðgjöf með aðstoð fjarfundabúnaðar. Verkefnið er styrkt af Rannís og markmiðið með því er að setja fram líkan að skipulagi og starfrækslu fjarlækningaþjónustu sem henta myndi hér á landi. Með þetta í huga var áhugi heimilislækna á fjarlækningum kannaður.

Fjarlækningar má skilgreina sem aðferð til að senda sjúklingagögn með rafrænum hætti frá einum stað til annars. Markmiðið er skjótvirk sending gagna til að fá sem fyrst úrlausn þess vanda er fyrir liggur. Gögnin geta annars vegar verið þess eðlis að sjúklingur sé óbeinn þátttakandi við sendingu gagna, svo sem þegar send er röntgenmynd eða hjartarit. Hins vegar getur sjúklingur sjálfur verið viðfangsefni læknisskoðunar með aðstoð fjarfundabúnaðar og í vissum tilvikum sérhæfðs jaðarbúnaðar. Þá er um að ræða bein samskipti lækna/lækna og sjúklings.

Fjarlækningar bjóða upp á ýmsa möguleika fyrir heilsugæslu og sjúkrahús. Möguleiki er á úrlestri mynda og annarra gagna, hægt að taka þátt í klínískum fundum, fá ráðgjöf sérfræðinga í öðrum greinum og svo framvegis. Sérfræðiráðgjöf í bráðatilfellum er einn möguleiki. Í sumum nágrennalöndum okkar hefur slík þjónusta er að ofan greinir verið til staðar undanfarin ár, til dæmis í Noregi þar sem fjarlækningar hafa fengið fastan sess. Fjarlækningar á Íslandi eru vart stundaðar í dag með skipulegum hætti en verk-

efni á einstökum sviðum sérgreina hafa verið unnin á undanförunum árum.

Niurstöður

Spurningalistinn var eins og áður sagði sendur í október 2003 til 219 lækna sem störfuðu á heilsugæslustöð samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Félags íslenskra heimilislækna. Ítrekunarbréf var sent nokkru síðar til að auka heimtur. Um áhugakönnun var að ræða, sjá spurningalista. Alls svöruðu 98 læknar könnuninni, eða 45% aðspurðra. Af þeim lýstu 79 læknar, eða rúmlega 1/3 allra starfandi heimilislækna, yfir áhuga á að nýta sér fjarlækningar í sínu starfi, eða um 80% þeirra sem svöruðu. Ef miðað er við að hver heimilislæknir hafi að meðaltali 1500 manna upptökusvæði hafa heimilislæknar 118 þúsund Íslendinga áhuga á að nota fjarlækningar í sínu starfi. Varðandi upplýsingar um þátttakendur vísast í töflu I.

Um 86% lækna sem þátt tóku í könnuninni voru með þéttbýli sem upptökusvæði, þar af sinni 37% þeirra einnig dreifbýli, sbr. töflu I. Rómur helmingur lækna starfaði utan höfuðborgarsvæðisins.

Áhuga lækna við að nýta sér hinar ýmsu tegundir eða notkunarmöguleika fjarlækninga sést í töflu II. Þar tróna efst á blaði fræðslufundir sem gefa möguleika á aukinni símenntun. Einnig var áhugi mikill á húðlækningum, hjartalækningum og röntgenlækningum.

Heimilislæknar af höfuðborgarsvæðinu höfðu í um 90% tilvika áhuga á fleiri greinum fjarlækninga en fræðslufundum eingöngu.

Spurt var um þörf fyrir bráða sérfræðiráðgjöf (konsúlt) með fjarlækningum á heilsugæslustöðinni

Tafla I. Upplýsingar um þátttakendur.

	Fjöldi		Fjöldi
Kyn		Upptökusvæði	
kvk	12	Einungis þéttbýli	48
kk	56	Einungis dreifbýli	10
Ekkí svarað	30	Hvorutveggja	36
		Ekkí svarað	4
Aldur		Staðsetning	
yfir 65 ára	4	Höfuðborgarsvæði	44
55-64 ára	19	Utan höfuðborgarsvæðis	53
45-54 ára	41	Ekkí svarað	1
35-44 ára	27	Sjúkrahús á staðnum	
25-34 ára	2	já	61
Ekkí svarað	5	nei	31
		ekki svarað	6

Tafla II. Áhugi heimilislækna fyrir hinum ýmsu sviðum fjarlækninga.

Tegund fjarlækninga	Áhugi lækna, fjöldi
Fræðslufundir	64
Húðlækningar	63
Hjartalækningar	56
Röntgenlækningar	54
Bæklunarlækningar	38
Augnækningar	24
Öldrunarlækningar	23
Geðlækningar	22
Kvensjúkdómálækningar	19
Háls-, nef- og eyrnalækningar	18
Barnalækningar	17
Endurhæfingarlækningar	16
Lyflækningar	11
Skurðlækningar	11

og svöruðu 39 læknar því til að svo væri og þá helst í slysa- og hjartalækningum. Barnalækningar, kvenlækningar, röntgen og húðsjúkdómar voru einnig nefndir í þessu sambengi. Nokkrir sögðu að nú þegar væri fyrir hendi bráðafjarlægningaþjónusta þar sem hægt væri að faxes hjartarit og senda röntgenmyndir í pósti eða tölvupósti. Bent var á að þægilegra yrði að nota stafræna röntgentækni í þessu sambengi. Það kom fram hjá einum lækni að bráðasérfræðiráðgjöf hafi til þessa verið símleiðis og að alltaf hafi verið greiður aðgangur að sérfræðingum á sjúkrahúsum. Einum fannst sjaldan þörf fyrir flóknari fjarlægningar en hægt væri að sinna gegnum venjulegan síma eða með pósti. Ef það dugi ekki þurfi venjulega að senda sjúklinginn hvort sem er.

Þegar spurt var hvort eitthvað væri að vanbúnaði til að taka við fjarlægningaþjónustu sögðu 12 áhugann vanta, 33 tiltóku fjárskort, 19 tímaskort og 59 sögðu nauðsynlegan tækjabúnað ekki til staðar. Einn læknir nefndi skort á þekkingu á notkun tæknibúnaðar. Bent var á að læknar á báðum endum þyrftu að kunna að nota búnaðinn og einnig var auglýst var eftir nýmælum og tæknilausnum. Jafnframt var bent á að hægt væri að senda blóðrannsóknir með hjálp tölvu í stað bréfa eða pósts. Sömu leiðis að nota stafrænar röntgenmyndir og að senda hjartalínurit í tölvu.

Gagnrýnar raddir voru nokkrar og taldi einn læknir notagildi fjarlægninga vera takmarkað og nýttast á takmörkuðu sviði og þá helst fræðslu. Sami læknir benti á notkunarmöguleika fjarlægninga í teymisvinnu margra fagstétta, til dæmis við meðhöndlun endurhæfingarsjúklinga. Fram kom að skipulag fjarlægninga á sjúkrahúsunum mætti bæta, það þyrfti að tryggja að læknir í sérgreininni væri til staðar á sjúkrahúsunum þegar fjarlægningar ættu að fara fram. Nokkrir höfðu notað fjarlægningar til röntgenmyndasendinga en með þeirri tækni sem þá var notuð tók sendingin langan tíma. Einn læknir benti á að fjarlægningar krefðust tvöföldunar í mönnum og að þær myndu trúlega ekki gagnast þeim sem þyrftu mest. Tveir sögðu fjarlægningar vera dúsu stjórnmalamanna fyrir dreifbýlislækna. Þá sagði einn læknir að fjarlægningar hafi nýst dreifbýlislæknum illa. Þörfin væri oftast ekki mikil þegar á reyndi og erfiðleikar væru við svarenda búnaðarins.

Lokaorð

Hér er um áhugakönnun að ræða og verða það að teljast jákvæðar undirtektir þegar 1/3 heimilislækna lýsir yfir áhuga á notkun fjarlægninga í starfi sínu og því rétt að gefa þessu gaum. Erlendis hefur slík þjónusta á sumum stöðum gengið vel, svo sem í Tromsø í Noregi þar sem boðið er upp á fjarlægningaþjónustu innan margra sérgreina. Annars staðar hefur ekki gengið eins vel af ýmsum orsökum. Áhugavert er að heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu jafnt sem úti á

Spurningalistinn um áhuga á fjarlægningum

Merkið við með krossi þar sem við á:

- Fjarlægningar
 - Hef áhuga á að nýta mér fjarlægningar í mínu starfi væri aðstaða fyrir hendi
 - Hef ekki áhuga á nýta mér fjarlægningar í mínu starfi
- Tel mig geta haft not af fjarlægningum fyrir konsultationir í tengslum við eftirfarandi sérgreinar:
 - Augnlækningar t.d. myndir af augnumbúnaði og augnbotnum.
 - Barnalækningar t.d. með fjarfundabúnaði
 - Bæklunarlækningar t.d. í tengslum við röntgenmyndaúrlestur
 - Endurhæfingarlækningar t.d. með fjarfundabúnaði
 - Geðlækningar t.d. með fjarfundabúnaði
 - Háls- nef- og eyrnalækningar m.a. eyrnaholsjá, skoðun í háls og nef
 - Hjartalækningar Úrlestur hjartarita. Úrlestur hjartahljóða (rafræn hlustþípa)
 - Húðlækningar t.d. stafrænar myndir af útbrotum og öðrum húðbreytingum
 - Kvensjúkdómalækningar
 - Lyflækningar m.a. aðstoð v. speglana
 - Röntgen Úrlestur myndgreiningarannsókn
 - Skurðlækningar t.d. aðstoð v. speglana og vegna vandamála eftir aðgerðir
 - Öldrunarlækningar t.d. með fjarfundabúnaði
 - Klínískir fundir s.s. fræðslufundur spítala
 Annað, og þá hvað _____
- Er á heilsugæslustöðinni til staðar þörf fyrir bráðakonsultationir með fjarlægningum?
 - Nei
 - Já, og þá í hvaða sérgreinum helst?
 - Slysalækningum Hjartalækningum
 - Kvenlækningum
 Annað _____
- Er eitthvað að vanbúnaði til að taka við fjarlægningaþjónustu á heilsugæslustöðinni?
 - Áhugann vantar Fjárskortur
 - Nauðsynlegur tækjabúnaður ekki til staðar Tímaskortur
 - Engin þörf fyrir fjarlægningar
 Annað, og þá hvað _____
- Staðsetning þín á landinu
 - Vesturland Vestfirðir Norðurland Suðurland
 - Austurland Reykjanes Höfuðborgarsvæðið
- Upptökusvæði
 - þéttbýli dreifbýli þéttbýli og dreifbýli
- Er sjúkrahús með sérfræðiþjónustu á staðnum?
 - Já Nei
- Aldur og kyn
 - kvk kk
 - >65 ára 55-64 ára 45-54 ára 35-44 ára 25-34 ára
- Annað sem þú vilt láta koma fram varðandi fjarlægningar:

landi sýna áhuga á notkun fjarlægninga. Kom það nokkuð á óvart þar sem fyrirfram var búist við að áhuginn væri mun meiri úti á landi. Flestir hafa áhuga á því að taka þátt í fræðslufundum með hjálp tækninnar en áhuginn tekur einnig til margra sérsviða læknisfræðinnar. Niðurstaða könnunarinnar bendir til að margir heimilislækna séu tilbúnir til að nýta sér nýja tækni, svo sem fjarlægningar við vinnu sína.